

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **18-022F006**

Dags: **18. febrúar 2018**

Staður: **Á flugi yfir sjó skammt frá höfninni á Húsavík**

Lýsing: **Hreyfill missti afl**

Flugnemi í einliðaflugi var á kennslflugvél TF-FAD, sem er af tegundinni Piper PA-38-112. Flugneminn hafði gert áætlun um að fara í langt yfirlandsflug, sem er hluti af þjálfun til einkaflugmannsprófs, frá flugvælinum á Akureyri til flugvallarins við Vopnafjörð og svo aftur til baka. Hugðist hann yfirfljúga Húsavík á leiðinni til baka. Veðurspá gerði hins vegar ráð fyrir takmörkuðu skyggni á leiðinni til Vopnafjarðar og því var gerð varaáætlun fyrir flugið um að stytta það og framkvæma snertilendingar á Húsavíkflugvelli ef svo reyndist verða. Á leiðinni, á milli Ljósavatnsskarðs og Mývatns varð flugnemanum ljóst að skyggni framundan væri ekki nægilega gott. Breytti flugneminn því flugáætlun sinni eins og ráð hafði verið fyrir gert og flaug í átt til Húsavíkur.

Hafði flugneminn samband við AFIS¹ starfsmann á Húsavíkflugvelli og lét vita af áætlun sinni um að yfirfljúga bæinn (Húsavík) og koma svo inn til snertilendinga. Þegar flugneminn nálgast Húsavík stefndi hann aðeins út á sjó fyrir utan höfnina og tók svo hægri beygju í átt að bænum. Í beygjuni varð flugneminn var við gangtruflanir í hreyflinum. Flugneminn setti eldsneytisblönduna² og eldsneytisinnngjöfina³ í botn ásamt því að setja blöndungshitann⁴ á. Því næst setti flugneminn stefnuna á flugvöllinn á Húsavík. Hafði hann

¹ Flugvallarstarfsmaður er veitir flugvallarupplýsingar

² Mixture

³ Throttle

⁴ Carburator heat

einnig samband við AFIS starfsmann á Húsavíkurflugvelli og tilkynnti honum um gangtruflanir í hreyfli og bað um forgang inn til lendarar. AFIS starfsmaðurinn á Húsavíkurflugvelli samþykkti það og skimaði eftir flugvélinni í kík og sá þá kolsvartan reyk koma aftur úr vélinni. Skömmu síðar kallaði flugneminn aftur og tilkynnti miklar gangtruflanir. Tókst flugnemanum að lenda flugvélinni á flugvellingum á Húsavík.

Við rannsókn á flugvélinni kom í ljós að armur er tengdi blöndungshitara við stjórnvír blöndungshitara var ekki rétt stilltur. Þegar blöndungshitari var settur á lokaðist því aðeins að takmörkuðu leyti fyrir loftinntak. RNA telur að blöndungsísing hafi myndast og þar sem að armurinn er tengdi blöndungshitara var ekki rétt stilltur, þá hafi blöndungsísingin áfram takmarkað loftflæðið eftir að flugmaðurinn setti blöndungshitara á. Eldsneytisblandan hafi því orðið of rík og svartur reykur myndast.



Vinstri myndir: Stilling við atvik

Hægri myndir: Rétt stilling

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 22. mars 2018.